

## Fundur í umhverfisnefnd 26. febrúar 2016 klukkan 13:00

Mættir: Sigga V, Bjartey, Júlíus, Erna, Gabríel, Císa, Ísar, Brynja Dís, Eyrún, Nikolai, Helena og Sigga Lára

1. **Rafmagnssparnaðarvikur:** Niðurstaðan af rafmagnssparnaðinum var sú að við notuðum miklu minna rafmagn í sparnaðarvikum en í samanburðarvikunum. Munurinn var 2454 kw stundir. Miðað við áætlun upp á tæplega 200.000 kr í rafmagnskostnað fyrir janúarmánuð kemur í ljós að sparnaðurinn miðað við þennan tiltekna mánuð er upp á 68.221 kr sem gera u.þ.b. 36% af áætluðum heildarkostnaði. Á ársgrundvelli eru það um 800.000 kr. Hafa verður í huga að ytri þættir eins og hitastig og vindur hafa mikil áhrif á rafmagnsnotkun í skólahúsnæðinu. Það sama má segja um snjóbræðslukerfið í kringum skólann. Því er hæpið að skoða þetta á ársgrundvelli en engu að síður gott og gagnlegt að skoða hvað hægt er að spara mikið með því að huga vel að rafmagnsnotkun. Nemendum líka bent á að það er hægt að spara rafmagn heima.
2. **Dagur umhverfisins 25. febrúar 2016:** Aðalviðfangsefni dagsins verður tileinkað ströndum landsins og af því tilefni er stefnt að því að fara með alla nemendur og starfsmenn í hreinsunarferð í fjöru í sveitarfélaginu. Ákveðið að byrja daginn á hefðbundinn hátt með umhverfisráðstefnu þar sem utanaðkomandi fyrirlesari og Umhverfisnefnd Heiðarskóla kynna verkefni dagsins. Eftir ráðstefnuna verður farið í fjöru og hún hreinsuð, ruslið flokkað og sent í endurvinnslu. Ákveðið að skrifa bréf til USN nefndar sveitarfélagsins og biðja um aðstoð:

*Heiðarskóla 26. febrúar 2016*

*Kæra Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar*

*Viljið þið koma með okkur í verkefni? Okkur langar að hreinsa strönd í Hvalfjarðarsveit á Degi umhverfisins 25. apríl og við þurfum hjálp við að koma ruslinu í flokkun og endurvinnslu. Gætuð þið aðstoðað okkur með það? Væri líka gaman að bjóða öllum íbúum Hvalfjarðarsveitar að taka þátt. Okkur vantar líka aðstoð við að velja strönd sem við megum hreinsa.*

*Virðingarfyllt*

*Umhverfisnefnd Heiðarskóla*

*Sigga V, Bjartey, Júlíus, Erna, Gabríel, Císa, Ísar, Brynja Dís, Eyrún, Nikolai, Helena og Sigga Lára*

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:40.